

Jafnlaunastefna

Stefna RB er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Forstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi RB. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.

Mannauðsstjóri er tilnefndur fulltrúi yfirstjórnar varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur RB sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. RB hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Markmið RB er að vera eftirsóttur vinnustaður og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi.

Til þess að ná því markmiði mun RB:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Spyrja starfsfólk í árlegri vinnustaðargreiningu hvort það upplifi að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi innan RB.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi hlítni við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum RB. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef RB.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af stefnu RB um laun og kjör, eins og hún birtist í starfsmannastefnu RB hverju sinni.